

---

## Annar fundur Leiðtogaáðs LUF

29. september 2022, HT-101 (Ingjaldsstofa), Háskólatorgi, Reykjavík, kl. 17:30

**Fundarstjóri:** Viktor Ingi Lorange, oddviti leiðtogaáðs

**Fundarritari:** Sigurður Helgi Birgisson

Fundur settur kl. 17:34.

### Dagskrá:

#### 1. Kynning nýrra aðildarféлага

- VIL býður Valgerði Eyju Eypórsdóttur, forsvarsmann UngSAFT upp í pontu til að kynna félagið stuttlega og taka við aðildarviðurkenningu.
  - Valgerður Eyja Eypórsdóttir kynnir UngSAft.
- VIL býður Hugo Hoffmeister, forsvarsmann Sk8roots upp í pontu til að kynna félagið stuttlega og taka við aðildarviðurkenningu.
  - Hugo Hoffmeister kynnir Sk8roots.

#### 2. Drög að dagskrá fyrsta fundar Leiðtogaáðs

- VIL ber dagskrá upp til samþykkis.
- *Samþykkt.*

#### 3. Tillaga frá stjórn að kosningafyrirkomulagi

- VIL kynnir tillögu stjórnar að kosningafyrirkomulagi og ber upp til samþykkis.
- *Samþykkt.*

#### 4. Kosning kjörbréfanefndar

- VIL leggur fram tillögu stjórnar að kjörbréfanefnd: SHB og TI starfsmenn LUF ásamt óháðum fulltrúa Leiðtogaáðs.
- SHB, TI og Sandra Dögg Ásgeirsdóttir, fulltrúi Ungmennaráðs Þroskahjálpar kjörin í kjörbréfanefnd.

#### 5. Kosning fulltrúa í stjórn LUF:

- VIL tilkynnir að framboðsfrestur til stjórnar sé runnin út.
- VIL tilkynnir að Egill Örnuson Hermannsson, fulltrúi UU, sé einn í framboði.
- Egill Örnuson Hermannsson kjörinn með lófaklappi.
- EÖH kynnir sig fyrir Leiðtogaáði.

#### 6. Framboð til Ungmennafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum á sviði loftslagsmála:

- VIL tilkynnir að framboðsfrestur til Ungmennafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum á sviði loftlagsmála sé runnin út.
- VIL kynnir að Finnur Ricart Andrason, fulltrúi UU, er einn í framboði.
- Finnur Ricart Andrason, fulltrúi UU, kjörinn með lófaklappi.

## 7. Alþjóðamál

### *Kynning*

- VIL kynnir Jessý Jónsdóttur alþjóðafulltrúa LUF í pontu til að kynna alþjóðaráð LUF.
  - Alþjóðamálin er rauði þráðurinn í starfi LUF.
  - LUF er aðili að Evrópska ungmennavettvangnum/European Youth Forum eða YFJ og er viðurkenndur lögmætur aðili gagnvart alþjóðastofnunum á borð við Evrópusambandið, Evrópuráðið og Sameinuðu þjóðirnar.
  - LUF sendir fulltrúa sína á ráðstefnur, fundi, námskeið og fjölmarga þ.h. viðburði erlendis.
  - Efla þátttöku LUF - endilega verið vakandi fyrir auglýsingum um viðburði.
  - Norrænt samstarf.
  - Alþjóðaráð:
    - Ný umgjörð samþykkt á 1. fundi leiðtogaráðs.
    - Samskiptahópur alþjóðaráðs á Facebook.
- Umræður.

## 8. Leiðtogaskóli Íslands

### *Kynning*

- VIL kynnir GF, forseta LUF, upp í pontu til að gera grein fyrir stöðu mála varðandi Leiðtogaskólann.
- GF kynnir leiðtogaskólann.
- Umræður.

## 9. Staða helstu verkefna

### *Kynning*

- VIL býður Tinnu Isebarn, framkvæmdastjóra LUF, upp í pontu til að gera grein fyrir stöðu helstu verkefna á starfstímabili stjórnar.
- TI kynnir stöðu framkvæmdaáætlunar.
- Umræður.

## 10. Önnur mál

- VIL auglýsir eftir öðrum málum.
- Solidarity Corps: SHB kynnir erasmus+ áætlunina Solidarity Corps.
- Sunnda Dögg, fulltrúi Ungmennaráðs Þroskahjálpar vekur athygli á hömlum fatlaðs fólks að aðgengi að námi við Háskóla Íslands og óskar eftir stuðningi.
- Fulltrúi SUF biður um samstöðu á þingi UNR um tillögu sem leggja á þar fram um þýðingar á tillögum sem leggja á fyrir þingið.

Fundi slitið kl. 18:43.